

við króganum, þegar hann fer að líkja stórbóndanum o. fl. við nasvísa hunda, sem njósi o. s. frv. — Þess hefir vist enginn heyrt getið, að maðr sá, sem greinin nefnir „stórbónda“, hafi hegðað sér svo, að hann eigi slíkan vitnisburð skilinn. Hann er þvert á móti mesti friðsemdarmaðr, sem engan mun hafa ofsótt á ævi sinni. Að greinarhöfundrinn kunni að vera smeikr um sig út af því, ef hann skyldi ekki reka atvinnu sína í fullu samræmi við gildandi lög má vel vera; ég læt það ósagt.

Þessu næst fer greinarhöf. að tala um messuleysi, kirkjurækni og trúarskoðanir.

Það mundi engum skynsömum manni þykja í frásögur færandi, þótt ekki sé messað, þar sem engin kirkja er, eins og hér hefir átt stað síðan í júní f. á., svo því atriði má óhikað ganga fram hjá að svara. Að því er kirkjurækni smertir í þessum söfnuði, þá eru það hrein og bein ósannindi, að hún sé hér lakari enn annarstaðar, þar sem ég þekki til. Að skoðanir manna séu hér mjög sundrleitir í trúarefnum, er mér með öllu ókunnugt, og er þó líklegt að ég mundi hafa orðið þess var nú í nærfelt 7 ár, ef brögð hefðu verið að því. Ég þori því óhikað að lýsa greinarhöf. ósannindamann að því atriði.

Nú koma þó fyrst *öllu tölfín upp* hjá greinarhöf. þar sem hann segir, að engin óánægja hafi heyrt um það þó kirkjan sé lengi í smíðum. Á nærfelt hverju einasta heimili í sókninni (þau eru rúmli. 100) heyrðust raddir, þegar ég húsvitjaði, sem kvörtuðu sáran yfir messuleysi, og spurðu um, hvenær menn mættu fara að vona eftir messu.

Ég vildi óska þess, að þegar þessi greinarhöf. finnr næst köllun hjá sér, að lýsa ástandi manna í stundlegum og andlegum eignum hér í minnu prestakalli, að hann þá leitaði betr sannleikans, enn í oftnefndri Fjallkonugr., það væri miklu sémilegra fyrir hann.

Kálfatjörn, 1. febr. 1893.

Árni Þorsteinsson.

Sifjaspell, barnsmorð og sjálfsmorð.

Nýtt stórglæpamál er komið upp í Þingeyjar-sýslu.

Tvö hálf systkin, Sigrjón Einarsson (24 ára) og Sólborg Jónsdóttir(?) sem voru vinnuhjú prestsins á Svalbarði í Þistilfirði, urðu í vetr uppvis að því, að hafa átt barn saman snemma í vetr eða seint í haust og fyrirfarið því. Hreppstjórinn fékk grun um þetta og skrifaði sýslumanni Benidikt Sveinsyni um það, og kom Einar sonr hans, kand. jur., norðr þangað til að rannsaka málið um 10. jan. (sýslumaðr var þá ekki heima). Sigrjón meðgekk þegar barneignina og hlutdeild í morði barnsins, og var þá komið undir háttatíma. Sagði Einar síðan stúlkunni Sólborgu, að hann yrði að taka hana fasta sem grunaða um glæp, lét hana fara í afþiljað herbergi í baðstofuendanum og setti tvo menn til að gæta þess að hún færi ekki í burtu. Hún bað um að mega hafa hjá sér barn sem hún átti á 5. ári, enn fékk það eigi. Fór hún þá ofan í koffort er hún átti, tók þar samanbrotna skyrtu og fór með hana inn í herhergið og háttaði. Litlu síðar rak hún upp hljóð og bað um vatn; kom þá Einar upp og spurði hvað að henni gengi, enn hún kvaðst ekki vita það; hljóðaði hún litla stund og dó síðan. Hafði hún náð í eitr (strychin), sem bróður hennar hafði verið fengið til að eitra með fyrir refi. Læknir (Björn Blöndal) var þegar sóttir (hann býr á næsta bæ) og sagði hann að Sólborg hefði dáðið af „stífkrampa“, sem er venjuleg verkun af „strychin“.

Líkið af barninu hafði Sólborg fyrst geymt í kistu í hálfan mánuð, enn síðan tók Sigrjón við því og gróf það niðr í gólf á fjárborg út við sjó.

Hafís var á Húnaflóa, Skagaf. og Eyjaf. er síðast fréttist, og hafði einuig fylt alla firði og víkr kringum Ísafjarðardjúp. Úr Ísafjarðarsýslu er svo skrifað: „Þessum ís fylgir ekki enn sem komið er hinn kaldli heimskautsstraumur (+ 1—1½° C.), er svo oft hefir fylgt honum að undanförunu eða réttara sagt komið með hann. Von er því um að afleiðingar issins verði ekki jafnlangvinnar og skaðlegar sem tíðast er. Kuldinn í sjónum er enn ekki svo mikill, að þorskseyði eða öðrum fiskum sé hætta búin eða hinn þroskaði fiskr þurfi að flýja“.

Bráðapest í sauðfé hefir gert lítið vart við sig í vetr hvarvetna á landinu. Á örfáum bæjum á Suðrlandi hefir þó talsvert af fé drepizt úr henni, t. d. á Reynivöllum í Kjós. Úr Austrskafafells-sýslu er skrifað, að þar hafi sumstaðar verið gefið inn hrálýsi til varnar pestinni, enn margir hafa þó ekki gert það, enn þar hefir borið mjög lítið á pestinni í vetr sem annarsstaðar, og verður því ekkert dæmt um árangr þeirra inngjafa.

Hundapest geysar á Austrlandi og hefir gert mikinn skaða í Austrskafafellssýslu; er orðið hundlaust á mörgum bæjum og hefir verið sent í önnur hérað til hundakaupa, enn það hefir orðið árangrslítið, því hundar eru óvída hafðir fleiri enn þörf er á síðan skattrinn var lagðr á þá. Þessi pest hefir að sögn komið með útlendum hundum til Austfjarða.

Kláði á fé hefir gert vart við sig á ýmsum stöðum sunnanlands undanfarin ár (í Borgarfirði, Kjós, Þingvallasveit og víðar), með svipuðum einkennum sem sótt næmr fjárkláði. Þó hefir ekki þessi kláði breiðst út, svo kunnugt sé. Nú í vetr varð vart við kláða í kind á Breiðabólstöðum á Álftanesi með venjulegum fjárkláða einkennum, og af þessari kind hafa að sögn sýkzt 8 kindr þar á bænum. Ekki er þess getið, að nein rannsókn hafi verið gerð um þetta.

Seyðisfjarðar(Dvergasteins)söfnuðr á sífelt í deilum við sóknarprest sinn. Í des. reyndi prófastr Sunnmýlinga, séra Sig. Gunnarsson og séra Magnús Blöndal Jónsson í Vallanesi að koma á sáttum, enn það varð árangrslaut, því söfnuðrinn viði enga málamiðlun.

Róstusamt þykir nú í Ísafjarðarsýslu út af rannsóknnum hins setta sýslumanns Lárusar Bjarnasonar gegn Skúla Thoroddsen. Segir svo í bréfi þaðan: „Þótt margt sé skrafað og gauragangrinn sé mikill, er ekkert af því ápreifanlegt. Kviðlingum og flugritum rignir í hrönnum og veitir þar ýmsum betr“.

Heyskortr vofði yfir í Norðrmúlasýslu, segja bréf þaðan, dags. seint í jan., ef tíð ekki breyttist brátt til batnaðar, enn þá var þar haglaust og hafði verið um tíma. Hafði þó verið lógað þar af heyjum í haust meiru enn vandi er til af lömbum, kúm og hestum, enda var fé þar í afarlágu verði í haust vegna fódorskorts; lömb t. d. seld á 2—3 kr.

Veitt prestakall. Stokkseyri veitt af konungi 5. jan. séra Ólafi Helgasyni í Gaulverjabæ.

Búnaðarfélag Suðramtsins. Félagstjórnin hefir lagt til, að félagið yrði búnaðarfélag fyrir alt landið, og var nefnd kosin til að ihuga það mál á fyrra ársfundi félagsins 11. febr.